



Manndómsvígsla

Í búddadómi þarf fólk ekki að staðfesta trúna með fermingu eða annarri manndómsvígslu. Það er hins vegar ekki neitt sem hindrar það og í theravadasið eru haldnar sérstakar manndómsvígslur.

Á Íslandi er algengt að unglingar sem eru búddatrúar vilji vera eins og flestir íslenskir unglingar og fermast. Margir fermast borgaralegri fermingu en sumir fermast að kristnum sið. Ef þau velja að fermast að kristnum sið þurfa þau að láta skíra sig fyrst.



Manndómsvígsla er athöfn sem haldin er á þeim tímamótum í lífi barns þegar samfélagið lítur svo á að það sé að verða fullorðið.

Theravadastefnan er önnur af meginstefnum búddisma en hin er mahayanstefnan.

Borgaraleg ferming er manndóms- eða ungdómsvígsla sem tengist engum sérstökum átrúnaði.

Kristni er fjölmennasti átrúnaður heims en hún spratt upp úr gyðingdómi fyrir tæplega 2000 árum.

Í kristni er fólk oftast **skírt** í barnæsku.

Spurningar

1. Hvað er manndómsvígsla og er slík vígsla haldin innan búddadóms?
2. Hvað er borgaraleg ferming?
3. Hvers vegna heldur þú að búddadómur leyfi unglingum sem eru búddistar að fermast að kristnum sið?